

Annar fundur Umhverfisnefndar 2013-2014 haldinn 7. nóvember 2013 klukkan 13:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Amelía Íris, Ásgeir Örn, Vilhelm Logi, Ásgeir Marinó, Sverrir Máni, Bríet Sunna, Iðunn Kara, Sigurdís Ósk, og Ólöf Ósk Fulltrúar starfsfólks Þórunn Júlíusdóttir skólastjóri, Þórgunnur María starfsmaður og fulltrúi foreldra var Fanney Ólöf Lárusdóttir.

Þórunn setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fundargerð síðasta fundar var lesin upp.

Á síðasta fundi höfðum við ákveðið að heimsækja vinnustaði pabbana og höfum við nú þegar farið og heimsótt bifreiðaverkstæðið á Kirkjubæjarklaustri.

Við höfum ekki en lagst yfir kort af sveitarfélaginu til þess að finna hvar við eigum heima sem við höfðum áætlað að gera.

Þá var ákveðið að gera hugtakakort til þess að ræða og finna út hvaða stofnanir og fyrirtæki eru á staðnum (sjá meðfylgjandi mynd).

Miklar umræður spunnust um fólk og fyrirtæki, hverjir vinni hvar og við hvað.

Ákveðið var að heimsækja vinnustað pabba Marcells Klaustursbleikju fyrir næsta fund.

Miðvikudaginn 13. nóvember munum við fá yngstu tvo bekki grunnskólans til okkar í hreyfingu í íþróttahúsið um morguninn og hingað í leikskólann eftir hádegið til að endurvinna pappír.

Stefnt er að því að endurvinna kerti í byrjun desember og ætlum við að bjóða foreldrum að taka þátt í því að kvöldi til.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið.